NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Fornleifadeild

# Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar Skúfnavatnavirkjunar



Atli Rúnarsson

NV nr. 23-23

Október 2023

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík
Kennitala: 610397-2209
Sími: 456-7005
Netfang: nave@nave.is
http://www.nave.is

<table>
<tr><td colspan="2">NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</td><td>Dagsetning: Október 2023</td></tr>
<tr><td>Skýrsla nr:<br>23-23</td><td>Verknúmer:</td><td>Dreifing:<br>☐ Opin<br>☐ Lokuð til:<br>☐ Háð leyfi verkkaupa</td></tr>
<tr><td colspan="2">Heiti skýrslu:<br>Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar Skúfnavatnavirkjunar</td><td>Blaðsíður: 80<br><br>Upplag:</td></tr>
<tr><td colspan="2">Höfundur:<br>Atli Rúnarsson</td><td>Fjöldi korta:<br><br>Gerð skýrslu/verkstig:</td></tr>
<tr><td colspan="2">Verkefnisstjóri:<br>Margrét H. Hallmundsdóttir</td><td>Unnið fyrir:<br>Vesturverk</td></tr>
<tr><td colspan="3">Útdráttur<br>Fornleifaskráning á nokkrum jörðum í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi vegna fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Skúfnavötnum.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Lykilorð íslensk:<br>Fornleifaskráning, vatnsaflsvirkjun, Ísafjörður, Skúfnavötn, Hvannadalur, Rauðamýri, Foss, Gröf, Tunga</td><td>Lykilorð ensk:<br>Archaeolgocal Survey, hydro power plant, Ísafjörður, Skúfnavötn, Hvannadalur, Rauðamýri, Foss, Gröf, Tunga</td></tr>
<tr><td colspan="2">Undirskrift verkefnastjóra:<br>Margrét Hallmundsdóttir</td><td>Yfirfarið af:</td></tr>
</table>

# EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR ... 1
2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ ... 1
3. AÐFERÐAFRÆÐI ... 1
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA ... 1
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA ... 3
4. SAGA SVÆÐISINS ... 3
4.1 NAUTEYRI ... 3
4.2 RAUÐAMÝRI ... 6
4.3 FOSS (STEKKUR) ... 7
4.4 TUNGA ... 8
4.5 GRÖF ... 9
4.6 HÁLENDIÐ ... 9
5. HEIMILDASKRÁ ... 11
5.1 HEIMILDARMENN ... 12
6. FORNLEIFASKRÁ ... 13
7. NIÐURSTÖÐUR ... 58
8. KORT ... 63
VIÐAUKI 1: SKRÁR ... 71
MYNDASKRÁ ... 72
TÖFLUSKRÁ ... 75
KORTASKRÁ ... 75
PUNKTASKRÁ ... 76

*Mynd á forsíðu sýnir bæjartóftir Tungu 3121-053*

# 1. INNGANGUR

Að beiðni Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Skúfnavötnum.

Vettvangsrannsókn fór fram dagana 2. – 5. október 2023 og var framkvæmd af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.



*Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt með gulri stjörnu.*

# 2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið er staðsett í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi. Það nær yfir jarðirnar Nauteyri, að litlum hluta, Rauðamýri, Foss, Tungu og Gröf. Svæðið er að stórum hluta uppi á óbyggðu hálendi á Rauðamýrarfjalli, þar sem Skúfnavötn eru staðsett, en nær einnig til alls Hvannadals og niður að Langadalsströnd.



*Mynd 2. Skráningarsvæðið er innan gulu punktalínunnar.*

# 3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar. Engin fornleifaskráning hafði farið fram áður á svæðinu en hluti Nauteyrar var skráður af Náttúrustofu Vestfjarða árið 2015.[1]

## 3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

[1] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2015

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr. segir:

> Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
>
> búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.
>
> Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

> fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

> Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

### 3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsjá Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3121 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: *3121-001.*

## 4. SAGA SVÆÐISINS

Hér á eftir verður farið yfir helstu heimildir sem til eru um jarðirnar sem falla innan skráningarsvæðisins.

### 4.1 NAUTEYRI

Minnst var á Nauteyri í bréfi sem vottaði um jarðaskipti og jarðakaup Þorgils Jónssonar og Ingunnar Brynjólfsdóttur, konu hans, Benedikts Brynjólfssonar og Bjarnar Einarssonar frá árinu 1405. Þar sagði: *„jn primis kirkivbol j langadal. backa og annan. brecko ok annan backa. laagadal, nauteyri, hafnardal, vnadsdal ok sandeyri, med ollum þeim gognum ok giedum sæm*

*þessum jordum fylgt hefir fro fornu ok nyiu."*[2] Einnig var minnst á Nauteyri í skrá um jarðir Kristínar Björnsdóttur frá 1458 og var þar sagt að jörðin væri metin á 10 hndr. og iiij kúgildi.[3] Árið 1489 var gerður dómur á Nauteyri um ákæru Jóns bónda Björnssonar til Odds Vigfússonar, sem hafði verið ráðsmaður Jóns gegn tveimur hundruðum í kaup á ári hverju, en Jóni þótti oddur ekki hafa staðið sér ánægjulegan reikningsskap.[4] Næst var minnst á Nauteyri í máldaga kirkjunnar í Vatnsfirði frá 1509 og þar sagði að Kristín Björnsdóttir gaf Vatnsfjarðarkirkju lambseldi á alla þá bæi sem hún átti á Langadalsströnd og var Nauteyri þar á meðal.[5] Einnig var minnst á jörðina í dómi sem gerður var í Æðey árið 1513[6], í úrskurðarbréfi frá 1514 sem úrskurðaði um það hver væri rétti eigandinn að jörðinni Nesi í Grunnavík,[7] og í dómi um framfæri Guðrúnar Árnadóttur frá 1516.[8] Næst var gerður dómur á Nauteyri árið 1543 um framfæri barna Ólafs Jónssonar[9], gefinn var vitnisburður árið 1554 á Nauteyri, Jón Steinsson vitnaði um að hann hafi aldrei heyrt Björn Guðnason geta annarra meina í milli Þorleifs Björnssonar og Ingveldar Helgadóttur en fjórmenningsmeina.[10] Svokallaður marköngladómur var gerður á Nauteyri árið 1567[11] og árið 1569 var fluttur vitnisburður um lýsingu Magnúsar Jónssonar á fullréttisorðum af hálfu Odds Jónssonar til sín á Nauteyrarþingi.[12]

Á Nauteyri var hreppaþingstaður og tengdist hann síðustu galdrabrennunni á Íslandi. Í kringum árið 1682 veiktist Helga Pálsdóttir, kona séra Sigurðar Jónssonar í Holti, og þóttu veikindin líkjast veikindum Helgu Halldórsdóttur í Selárdal sem sannað þótti að hafi verið af völdum galdra. Ekki leið á löngu þar til Sveinn Árnason var grunaður um galdurinn og kærði Sigurður prófastur hann fyrir að hafa búið konu sinni og börnum heilsutjón með galdrasendingum. Árið 1683 var þetta mál rannsakað á Nauteyrarþingi af Magnúsi Jónssyni lögmanni og var Sveini dæmdur tylftareiður. Honum tókst ekki að koma fram eiðnum og var

[2] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 704-705
[3] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 161
[4] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 679
[5] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 287
[6] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 417
[7] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 512-513
[8] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 589
[9] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 200
[10] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 748
[11] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 14. bindi, 1947-1950, bls. 598-599
[12] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 259

því brenndur í Arngerðareyrarskógi í Nauteyrarhreppi við Ísafjarðardjúp haustið 1863. Þessi brenna varð síðasta galdrabrennan á Íslandi.[13]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, segir að jarðardýrleiki Nauteyrar var 16 hndr. og tíundaðist jörðin í fjórum tíundum. Landskuld af allri jörðinni var lx álnir og greiddist hún í landaurum heima eftir hlutfalli. Leigukúgildin voru fjögur og greiddust í smjöri heim til landrottins og umboðsmanns innan héraðs. Afrétt var engin, skógur til eldiviðar og kolagerðar var nægur en raftviður var eyddur. Torfrista og stunga var lök en einhver var silungsveiðivon í Langadalsárós, grastekja var lítil og berjataka sæmileg. Túninu var grandað af stórflæði sem bar á það sand og braut af þeim, engjar voru mjög litlar og kvikfé var hætt frir sjávarflæðum. Kirkjuvegur var torsóttur hér, á Tungu og á Rauðamýri og húsum var ekki óhætt fyrir stórviðrum. Heimræði hafði verið notað ef aflavon var góð því lendingin var góð, hún hafði þó verið gagnlaus í mörg ár því fiskurinn hafði ekki gengið svo langt inn fjörðinn. Hluti af jörðinni var kallað Fornanauteyri og var sagt að þar hafi bærinn staðið til forna og hafði verið fluttur þar sem hann stendur nú.[14]

Í jarðatali Johnsens frá 1847 var Nauteyri í bændaeign, dýrleikinn var 16 hndr., landskuldin var 0.100, kúgildin 4 og ábúandi 1 leigjandi.[15]

[13] Kjartan Ólafsson, 2023, bls. 58
[14] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 237-238
[15] J. Johnsen, 1847, bls. 202

## 4.2 RAUÐAMÝRI




*Mynd 3. Túnakort af Rauðamýri og Stekkjarflöt frá árinu 1918.*

Minnst var á Rauðamýri í skrá um jarðir Kristínar Björnsdóttur frá 1458 og var jörðin þá metin á 10 hndr. og iiij kúgildi.[16] Þar á eftir var minnst á jörðina í máldaga Kirkjunnar í Vatnsfirði og þar sagði að Kristín hafði gefið Rauðamýri til kirkjunar í Vatnsfirði.[17] Árið 1538 seldi Ari lögmaður Jónsson honum Þorsteini Torfasyni jarðirnar Arngerðareyri og Rauðamýri í Ísafirði.[18]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið um árið 1710, var sagt að jarðardýrleiki væri 10 hndr. og tíundaðist í 4 tíundum. Eigandi að 5 hndr. var Halldór Þorkelsson að bæjum á Snæfjallaströnd og að hinum helmingnum og ábúandi á sínum hlut var Ari Jónsson, ábúandi á parti Halldórs var Jón Jónsson. Landskuld af þessum parti var xl álnir en hafði áður verið l álnir. Landskuldin var greidd í landaurum heima. Leigukúgildi 2 með parti Halddórs, áður 2 ½ og fyrir það 3. Leigur voru greiddar í smjöri heim til landsdrottins. Engar kvaðir voru á jörðinni. Partur Ara byggðist með sömu kostum og voru á parti Halldórs. Afrétt var engin, Ari hafði léð slægjur af sínum hluta til Tungu fyrir óákveðna greiðasemi. Skógur til eldiviðar og kolagerðar var nægur. Torfrista og stunga nýtileg. Grastekja lítil og varla teljandi. Enginu grandaði vatn sem át upp rótina. Hætt er kvikfé fyrir afætudýjum og snjóflóðum. Ekki þótti heyjum og húsum óhætt fyrir stórveðrum. Eitt örnefni skammt frá túninu í úthögum var Skáldkonutún og voru munnmæli um að þar hafi ein kona í fyrndinni haft aðsetur og byggt sér hús. Ekki var talin ástæða að telja þar byggð í jarðabókinni þar sem túnstæðið var ekkert.[19]

[16] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 161
[17] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 287
[18] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 367
[19] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 236-237

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var Rauðamýri í bændaeign, dýrleikinn var 10 hndr., landskuldin var 0.80, kúgildin 4 og ábúendur voru einn leigjandi. Einnig segir í neðanmálsgrein að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Skáldkonutún verið notuð til beitarlands.[20]

Á túnakorti af Rauðamýri og Stekkjarflöt frá 1918 var sagt að Rauðamýri væru með 6.36 ha. tún, að húsagrunnar, hlað og vegur væru 846m$^2$ og að matjurtagarðar væru 190m$^2$. Stekkjarflöt var sögð með 6200m$^2$ tún og húsagrunna upp á 99m$^2$.[21]

## 4.3 FOSS (STEKKUR)

Lítið er til af heimildum um Foss en í örnefnaskrá sagði að örðu hvoru megin við aldamótin 1900 var þar reist nýbýli, sem varð þó ekki lögbýli heldur hjáleiga frá Rauðamýri. Hjáleigan fékk nafnið Stekkur og var nafninu síðar breytt í Foss. Í örnefnaskrá, sem höfð var eftir Guðvarði Jónssyni frá Rauðamýri, var sagt:

*„Stekkur (49) er rétt innan við Hvannadalsábrúna. Þar var fé haft í stekk áður fyrr. Síðar var þarna fólk með fasta búsetu og þá var býlið skírt Foss (50), en þó varð það aldrei lögbýli, heldur hjáleiga frá Rauðamýri. Bærinn var torfbær með timburstafni að framan, stúkaður þvert í tvær íbúðir. Niðri var eitt herbergi með eldavél og föstu borði undir framgafli, uppi var baðstofa með skarsúð. Sama fyrirkomulag var í báðum íbúðum. Áfast íbúðarhúsinu að innanverðu var geymsluhús byggt á sama hátt og bærinn, nema ekki með lofti. Inngangurinn í báðar íbúðir var timburskúr meðfram allri langhliðinni að utanverðu.*

*Undir klettunum við ána var fjárrétt með grjóthleðsluveggjum.*

*Síðustu ábúendur á Fossi voru, Guðmundína Ólafsdóttir saumakona sem bjó í norðurendanum, en í suðurenda Jón Erlendur Jónsson og Aðalheiður Soffía Bjarnadóttir. Hús þarna, eru nú öll horfin.“*[22]

Ekki er til túnakort af Fossi.

[20] J. Johnsen, 1847, bls. 202
[21] Túnakort - Stekkjarflöt og Rauðamýri - 1918, 2023
[22] Guðvarður Jónsson, 1996, bls. 6

## 4.4 TUNGA

Ekki var minnst á Tungu í fornbréfasafni.


*Mynd 4. Túnakort af Tungu frá 1918.*

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt um Tungu fyrir Dalamynni að bænhús hafi verið þar að fornu og stóð það enn, en ekki höfðu verið tíðir veittar í manna minnum. Jarðardýrleikinn var 16 hndr. sem tíunduðust fjórum tíundum. Eigandi að hálfri jörðinni var sýslumaðurinn Páll Torfason og eigandi af hinum helmingnum, og ábúandinn, var Þorsteinn Jónsson. Landskuld af parti Páls voru lx álnir sem greiddar voru í landaurum heima. Leigukúgildin voru tvö og voru leigur greiddar í smjöri þangað sem landsdrottin sagði, innan héraðs eða utan, eftir samkomulagi. Afrétt var engin, skógur til kolagerðar og eldiviðar var nægur en raftviður eyddur. Torfrista og stunga var nær engin til að telja og berjalestur var lítill. Túninu var grandað af Hvannadalsá með landbroti sem ájókst árlega. Enginu grandaði Langadalsá með grjóts og sands áburði til stórskaða. Kvikfé var hætt í stórveðrum á vetrum og hafði oft orðið stórskaði af. Húsum var ekki óhætt fyrir stórveðrum, þó hafði þeim ekki orðið meint af. [23]

Í jarðatali Johnsens frá 1847 var sagt að Tunga hafi verið í bændaeign, dýrleikinn var 16 hndrd., dýrleikinn var 0.80, kúgildin 4, og ábúendur voru einn eigandi af hálfri jörðinni. Einnig sagði í neðanmálsgrein að árið 1805 voru eyðihjáleigurnar Gröf og Þórustaðir nýttar til beitar.[24]

Á túnakorti af Tungu frá 1918 var sagt að tún væru 3.3 ha og að húsagrunnar og hlað væru 833m$^2$.[25]

[23] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 235-236
[24] J. Johnsen, 1847, bls. 202
[25] Túnakort - Tungutún Nauteyrarhr. - 1918, 2023

## 4.5 GRÖF

Ekki var minnst á Gröf í fornbréfasafni.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem gerð var fyrir svæðið árið 1710, var sagt frá Gröf sem fornu eyðibóli í landi Tungu. Þar sáust enn byggingarmerki af tóftarrústum og girðingaleifum. Ekki var talið hægt að byggja þar aftur þar sem túnið var orðið að svaleysumýri. Landið var notað af Tungu til slægna og beitar.[26] Einnig segir í jarðatali Johnsens frá 1847 að eyðihjáleigan Gröf hafi verið nýtt af Tungu til beitar.[27]

## 4.6 HÁLENDIÐ

Engar heimildir eru til um nokkra byggð, leiðir eða tóftir á hálendinu á austanverðu skráningarsvæðinu. Einu fornminjarnar sem fundust þar var Skriðuvarða, 3121-063, sem hlaðin var af dönskum landmælingamönnum í kringum árið 1910. Í örnefnaskrá sem höfð var eftir Guðvarði Jónssyni, sem ólst upp á Rauðamýri frá fjögurra ára aldri, sagði:

> *„Ofan Efsta-Hjalla er Breiður þar ofa Háabrekka og Hábreið, þetta svæði er að mestu melar með smá gróðurlautum. Ofar Hábreið er Fjalldalur, hann er á milli Þverár og Smáhlíðar, þetta er grasivaxin lægð í hálendið. Neðrihluti Fjalldals heitir Neðri-Fjallteigur og niður við gljúfrin er Neðri-Krókur. Ofar er Efri-Fjallteigur og Efri-Krókur niður við ána. Þvert á Fjalldal liggur klettarani sem heitir Þröskuldur, ofan hans eru Fjalleyrar. Innst í Fjalldal er urðarhjalli sem heitir Skot, þar grenja tófur sig oft í urðinni. Ofan við Skot eru svo Skúfnavötn. Talið er að vötnin beri nafn af háum grastoppum á þúfnakollum við og í vötnunum, sérstaklega eru þessir skúfar áberandi í landslaginu þegar jörð er freðin.*
>
> *Yfir af Fjalldal, rétt ofan við Hvannadalsbrúnina eru Efri-Brandslautir og Brandslautarvatn og þar innaf eru Fossalautir sem teygja sig frá Fossalækjarhlíð og yfir undir Skot, í þeim er Fossalautarvatn.*

[26] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 236
[27] J. Johnsen, 1847, bls. 202

*Inn af Fossalautum er Háskriða, ofan við brún Skriðuhlíðar. Háskriða skiptist í tvo hluta, Stóru-Skriðu og Litlu-Skriðu. Á Stóru-Skriðu hlóðu danskir landmælingamenn vörðu sem lengst af hefur mótað fyrir og kallaðist Skriðuvarða.*

*Innan við HáSkriðu er Slakkahaus fyrir botni Hvannadals, sem áður er getið og ofan hans Slakkavatn. Svæðið á milli Austurmannagils og Hvannadalsár heitir Austurmannagilstunga. Upp á háfjallinu er mikið af vötnum sem fæst bera nöfn, þó eru þrjú stærstu vötnin með nöfn, Hólmavatn, Neðra-Langavatn og Efra-Langavatn. Þessi vötn eru öll á vatnasvæði Austurmannagils.“*[28]



*Mynd 5. Yfirlitsmynd af austanverðri heiðinni, nær Selárdal, í vettvangsferð sem farin var fyrir annað verk sumarið 2023.*

Landslagið á hálendinu er helst grófir melar með litlum grasivöxnum lautum inn á milli og fjölda ónefndra vatna. Engar heimildir eru um leiðir innan skráningasvæðisins og góðar loftmyndir eru til af svæðinu sem voru grandskoðaðar og fundust engin ummerki um leiðir.

Til eru heimildir um hóp manna sem fórst í Austmannagili/Austurmannagili. Þar voru á ferð 18 manns í blindhríð og sagt er að þeir hafi fallið niður snjóhengju ofan í gilið. Heimildum kemur ekki saman um hvaða Austmenn hafi verið þar á ferð hvort þar hafi verið vermenn frá Ströndum sem sóttu gjarnan í verstöðvar við Djúpið, eða hvort hér hafi verið Norðmenn sem gjarnan voru kallaðir Austmenn í íslenskum fornbókmenntum. Heimildunum kemur þó saman um það að ekki er vitað hvað þessi hópur hafi verið að gera á þessu svæði þar sem það er svo langt utan alfaraleiðar.[29]

[28] Guðvarður Jónsson, 1996
[29] Sjá t.d. Guðvarður Jónsson, 1996 & Hjörtur Kristmundsson, 1974

# 5. HEIMILDASKRÁ


Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðarsýsla & Strandasýsla* (B. VII). Reykjavík: Sögufélagið.

Atli Rúnarsson. (2023). *Fornleifaskráning í landi Gilsstaða vegna fyrirhugaðrar Kvíslartunguvirkjunar.* 2023: Náttúrustofa Vestfjarða.

*Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Guðrún Kvaran. (20. 7 2001). *Vísindavefurinn*. Sótt frá Hvað er Austmaður?: https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1809

Guðvarður Jónsson. (1996). *Örnefni á Rauðamýri, Langadalsströnd, Ísafjarðardjúpi.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

Halldór Jónsson. (1937-38). *Rauðamýri.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

Hjörtur Kristmundsson. (1974). *Rauðamýri.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Jón M. Pétursson. (1974). *Nauteyri.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

Kjartan Ólafsson. (29. september 2023). *Safnahúsið á Ísafirði.* Sótt frá Holt: https://www.safnis.is/upload/files/79HoltOnundarfirdi.pdf

Kristján Kristjánsson. (án dags.). *Tunga í Dalamynni.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

Landmælingar Íslands. (1913). *Landmælingar Íslands - Söguleg kort.* Sótt frá Ísafjarðarsýsla - Nauteyrarhreppur- og sókn: https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/atlaskort_teikningar/JPEG/1913-5-25.jpg

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2015). *Fornleifakönnun á þremur svæðum í Nauteyri við Ísafjarðardjúp.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Sigurður Pálsson. (1937-38). *Nauteyri.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

*Túnakort - Stekkjarflöt og Rauðamýri - 1918.* (28. September 2023). Sótt frá Manntal.is: https://manntal.is/myndir/Tunakort/Isafjardarsysla/Nordur-Isafjardarsysla/Nauteyrarhreppur/Vefmyndir/Nauteyrarhreppur_019.jpg

*Túnakort - Tungutún Nauteyrarhr. - 1918.* (28. September 2023). Sótt frá Manntal.is: https://manntal.is/myndir/Tunakort/Isafjardarsysla/Nordur-Isafjardarsysla/Nauteyrarhreppur/Vefmyndir/Nauteyrarhreppur_021.jpg

Valdemar Björnsson. (1937-38). *Tunga í Dalamynnum.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

## 5.1 HEIMILDARMENN

Þórður Halldórsson, Laugarholti

# 6. FORNLEIFASKRÁ

**Númer: 3121-001**

**Sérheiti:** Foss

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 349438.2 N: 603239.5

**Lengd:** 14.7m

**Breidd:** 10.2m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á miðju túni Foss, um 170m SA við brú sem liggur yfir Hvannadalsá.



*Mynd 6. Horft suður yfir rústir Foss.*




*Mynd 7. Uppmæling af bæjartóftum Foss.*

**Minjalýsing:** Foss, tóft úr torfi og grjóti með fjórum hólfum. Enginn sjáanlegur inngangur er í austasta rýmið en hin rýmin eru opin í vestur. Bárujárn er komið undir gras í austasta rýminu. Tóftin er vel gróin og veggjahæð er frá 0.2 – 1.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.2m.

**Númer: 3121-002**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Hnit ISN93:** A: 349468.5 N: 603131.2

**Lengd:** 7.2m

**Breidd:** 5.4m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Undir kletti, um 105m SA við bæjartóftir Foss.

**Minjalýsing:** Grjóthlaðin lítil rétt með inngang í suður. Réttin er hlaðin upp við klett og nýtir hann sem norður vegg. Farið er að hrynja úr réttinni, þó meira austan megin. Veggjahæð er frá 0.1 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.6m.



*Mynd 8. Horft norður yfir rétt 3121-002*

**Númer: 3121-003**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hnit ISN93:** A: 349449.5 N: 603135.8

**Lengd:** 9.7m

**Breidd:** 4.8m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 13m vestan við rétt 3121-002.

**Minjalýsing:** Niðurgöftur, um 10x5m. Holan er mest um 1.8m djúp en hún jafnast út til vesturs.



*Mynd 9. Horft austur yfir niðurgröft 3121-003.*

**Númer: 3121-004**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 349448.4 N: 603164.4

**Lengd:** 7.2m

**Breidd:** 3.7m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á litlum grasvöxnum hól um 19m vestan við tóft (3121-005).

**Minjalýsing:** Tóft úr torfi, finnst ekki fyrir grjóti undir sverði. Inngangur er í vestur. Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m. Töluvert er hrunið innan í hana.



*Mynd 10. Horft austur yfir tóft 3121-004.*




*Mynd 11. Uppmæling af tóft 3121-004.*

**Númer: 3121-005**

**Hlutverk:** Fjárhús og hlaða

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 349469.3 N: 603173.8

**Lengd:** 15.5m

**Breidd:** 9m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á hól um 55m SSA við bæjartóftir Foss (3121-001).

**Minjalýsing:** Tóft út torfi og grjóti. Að minnsta kosti þrjú hólf, mögulega fjárhús, hlaða og heystæði. Nyrsta hólfið er mun illgreinanlegra en restin af tóftinni. Inngangur er í öll rýmin úr vestri. Tóftin virðist að hluta til vera grafin inn í hólinn sem hún stendur á. Veggjahæð er frá 0.3 – 1.1m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.



*Mynd 12. Horft austur yfir tóft 3121-005.*




*Mynd 13. Uppmæling af tóft 3121-005.*


Mynd 14. Horft norður eftir túngarði 3121-006.



Mynd 15. Uppmæling af túngarðinum sem umlykur Foss.

**Númer: 3121-006**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hnit ISN93:** A: 349397.7 N: 603274.52

**Lengd:** 337m

**Breidd:** 1m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Túngarðurinn umlykur heimatún Foss.

**Minjalýsing:** Túngarður úr torfi og grjóti. Garðurinn liggur í NA frá Hvannadalsá í um 190m upp á klett sem liggur yfir túninu og tekur þar skarpa beygju aftur í suður, í um 150m, niður að Hvannadalsáa. Garðurinn er úr torfi næst ánni en verður einungis grjóthlaðinn þegar kemur upp að klettinum og melnum. Torfhlaðni hluti garðsins er á köflum alveg sokkinn ofan í jörðu en sést vel á loftmynd. Slóði liggur yfir túnið hjá Fossi sem sker garðinn á tveimur stöðum. Veggjahæð er frá 0 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.6m.

**Númer: 3121-007**

**Sérheiti:** Gröf

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 349302.8 N: 602902.7

**Lengd:** 22.9m

**Breidd:** 12.2m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Aftan við hól sunnan við Djúpveginn. Um 100m SA við malarhól sem staðsettur er við veginn.



*Mynd 16. Horft í NV yfir bæjartóftir Grafar.*




*Mynd 17. Uppmæling af bæjartóftum Grafar.*

**Minjalýsing:** Bæjartóftir Grafar. Úr torfi og grjóti og að minnsta kosti fimm rými. Inngangur er í tvö rými úr SA og eitt úr vestri. Inngangur í minni rýmin er illgreinanlegri en virðist verra í norður. Lítið innskot virðist vera í austurvegg tóftarinnar. Veggjahæð er frá 0 – 0.8m og veggjabreidd er um 1.5m þar sem hún er greinanleg.


Mynd 18. Horft SV yfir vörðu 3121-008.

**Númer: 3121-008**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 349002.0 N: 602933.8

**Lengd:** 1.4m

**Breidd:** 0.8m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á klett á norðurenda Grafarháls. Um 330m SSA við upplýsingaskilti sem stendur við Djúpveginn.

**Minjalýsing:** Varða, um 1.2m á hæð. Eitthvað hefur hrunið úr henni þar sem grjót úr henni liggur í kring. Varðan er nánast ferhyrnd og jöfn upp.


Mynd 19. Horft NV yfir vörðu 3121-009.

**Númer: 3121-009**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 348992.9 N: 603043.6

**Lengd:** 1.6m

**Breidd:** 1.4m

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 110m norðan við vörðu 3121-008.

**Minjalýsing:** Varða, um 1.6m á hæð. Varðan er nokkuð jöfn upp en mjókkar á toppinum. Hún er nokkuð heilleg, ekki er að sjá að eitthvað hafi hrunið úr henni.



*Mynd 20. Horft norður yfir vörðu 3121-010*

**Númer: 3121-010**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 348880.4 N: 603227.5

**Lengd:** 1.4m

**Breidd:** 1.3m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á norðanverðum enda Grafarháls. Um 20m sunnan við upplýsingaskilti sem stendur við Djúpveginn.

**Minjalýsing:** Varða, um 1.5m há og hún mjókkar upp. Suður hlið vörðunar er verr farin. Líklega hafa ferðamenn bætt í vörðuna en töluvert af smásteinum eru á hliðinni sem er verr farin og er ekki að sjá þá annarstaðar á vörðunni.

**Númer: 3121-011**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 349312.0 N: 602928.2

**Lengd:** 11.6m

**Breidd:** 7m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 15m norðan við bæjartóftir Grafar (3121-007).

**Minjalýsing:** Þrískipt tóft úr torfi og grjóti. Enn sjáanlegar grjóthleðslur í tóftinni. Enginn greinanlegur inngangur í miðjurými tóftarinnar en hin eru opin í SV og NV. Tóftin er vel gróin. Veggjahæð er frá 0.3 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.1m.



*Mynd 21. Horft NV yfir tóft 3121-011.*




*Mynd 22. Uppmæling af tóft 3121-011.*

**Númer: 3121-012**

**Sérheiti:** Skáldkonutún

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 349213.6 N: 603566.4

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**



*Mynd 23. Horft í vestur yfir meinta staðsetningu Skáldkonutúns.*

**Staðhættir:** Við tvö sumarhús sem standa við afleggjara vegsins sem liggur frá Snæfjallastrandavegi að Rauðamýri.

**Minjalýsing:** Meint staðsetning Skáldkonutúns. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var sagt: „***Skáldkonutún*** *kallast örnefni eitt skamt frá túninu í úthögum og eru munnmæli um að þar hafi ein kona í fyrndinni aðsetur haft og eitt hús uppbygt, sjest og deili til að það muni einhvörn tíma hús eður þvílíkt bygt hafa verið. Ekki má hjer bygð setja, því túnstæði er ekkert.*“[30] Í örnefnaskrá sem höfð var eftir Guðvarði Jónssyni var sagt að Skáldkonutún hafi verið þar sem nú var bensínstöð og tvö sumarhús.[31]

[30] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 237
[31] Guðvarður Jónsson, 1996

**Númer: 3121-013**



*Mynd 24. Horft vestur yfir vörðu 3021-013.*

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 349370.9 N: 603680.1

**Lengd:** 2.4m

**Breidd:** 1m

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á hamri um 160m NA við sumarhús sem standa við veginn að Rauðamýri.

**Minjalýsing:** Varð, um 2m há. Varðan er hlaðin ofan á stórt bjarg, hleðslan sjálf er um 1m. Varðan er frekar heilleg.

**Númer: 3121-014**



*Mynd 25. Horft NV eftir leið 3121-014.*

**Hlutverk:** Gata

**Tegund:** Leið

**Hnit ISN93:** A: 349348.7 N: 603683.7

**Lengd:** 300.7

**Breidd:** 2m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Leiðin liggur yfir tvo hamra sem standa austan við sumarhúsin við veginn að Rauðamýri.

**Minjalýsing:** Leið sem liggur yfir hamra ofan við sumarhúsin sem standa við veginn að Rauðamýri. Það er lægð í landslaginu á milli hamranna og er leiðin ekki sjáanleg þar á milli. Leiðin er að jafnaði um 2m breið.

**Númer: 3121-015**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Grjóthrúga

**Hnit ISN93:** A: 349335.0 N: 603748.0

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**



*Mynd 26. Horft í vestur yfir hluta af grjóthrúgum 3121-015.*

**Staðhættir:** Á hamri ofan við tvö sumarhús sem standa við veginn að Rauðamýri. Varða 3121-013 og leið 3121-014 eru á sama hamri.

**Minjalýsing:** 34 grjóthrúgur, mögulega eru þær eftir að leið 3121-014 var rudd. Ekkert sérstakt lag er á grjóthrúgunum og augljóst er að þær eru ekki hlaðnar.

**Númer: 3121-016**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 349364.2 N: 603618.1

**Lengd:** 1m

**Breidd:** 0.9m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**



*Mynd 27. Horft austur yfir vörðu 3121-016.*

**Staðhættir:** Syðst á hamrinum sem er ofan við tvö sumarhús sem standa við veginn að Rauðamýri. Varða 3121-013, leið 3121-014 og grjóthrúgur 3121-015 standa á sama hamri.

**Minjalýsing:** Varða, um 0.8m há og aðeins er farið að hrynja úr henni, annars er hún jöfn upp.

**Númer: 3121-017**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 349394.7 N: 603529.5

**Lengd:** 1.7m

**Breidd:** 1.3m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á smá klettabelti yfir lægð í landslaginu, um 95m sunnan við vörðu 3121-016. Mögulega varðar varðan mógrafir 3121-018.

**Minjalýsing:** Varða, hrunin, er nú um 0.5m há. Grjót úr vörðunni liggur í kring.



*Mynd 28. Horft suður yfir vörðu 3121-017.*

**Númer: 3121-018**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hnit ISN93:** A: 349408.0 N: 603503.1

**Lengd:** 30m

**Breidd:** 6.5m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í lægð í landslaginu í votlendi. Nyrsta mógröfin er um 20m sunnan við vörðu 3121-017.

**Minjalýsing**: Fimm mis-stórar, mis-langar og mis-djúpar mógrafir. Þær liggja nokkurnvegin í norður-suður.



*Mynd 29. Horft vestur yfir mógrafir 3121-018.*




*Mynd 30. Uppmæling af mógröfum 3121-018. Norður snýr til vinstri.*



Mynd 31. Horft í norður yfir fjárhús 3121-019

**Númer: 3121-019**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Steinsteypa

**Hnit ISN93:** A: 349183.9 N: 603885.8

**Lengd:**

**Breidd:**

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fjárhúsið stendur við veginn sem liggur upp að Rauðamýri, í suðurhluta heimatúnsins.



Mynd 32. Horft í vestur yfir fjárhús 3121-019.

**Minjalýsing:** Steinsteypt fjárhús. Í örnefnaskrá sem höfð var eftir Guðvarði Jónssyni segir: „*Fjárhús byggði Halldór úr steinsteypu 1910, upp við túngarðinni innst á Ærhólsflöt. Mölin í steypuna var mulin úr grjóti með sleggju.*"[32] Fjárhúsið er úr malarblandaðri steinsteypu. Norður veggir eru heillegastir, ekki var innangengt í vestarar rýmið vegna hruns. Veggir eru um 0.4m þykkir. Gluggi og op eru sjáanleg á norðurvegg og hurð er úr austara rými yfir í það vestra. Húsið er talsvert hrunið.

[32] Guðvarður Jónsson, 1996

**Númer: 3121-020**

**Hlutverk:** Gerði

**Tegund:** Hleðsla

**Hnit ISN93:** A: 349193.8 N: 603879.8

**Lengd:** 10.5m

**Breidd:** 7.5m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Við austurhlið fjárhúss 3121-019.

**Minjalýsing:** Grjóthlaðið gerði, hlaðið upp við austurhlið fjárhúss 3121-019. Gerðið er opið í SV. Veggjahæð er frá 0.3-0.9m og veggjabreidd er að jafnaði 0.5m.



*Mynd 33. Horft í norður yfir gerði 3121-020.*




*Mynd 34. Uppmæling af gerði 3121-020 og hluti af fjárhúsi 3121-019.*

**Númer: 3121-021**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hnit ISN93:** A: 349118.2 N: 603841.6

**Lengd:** 340.5m

**Breidd:** 0.5m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Garðlagið liggur meðfram veginum að Rauðamýri við austanvert heimatúnið.



*Mynd 35. Horft NA eftir túngarði 3121-021.*




*Mynd 36. Uppmæling af túngarði 3121-021.*

**Minjalýsing**: Grjóthlaðinn túngarður. Garðlagið liggur í SV frá fjárhúsi 3121-019 og í norður frá því. SV megin stoppar garðlagið við fall í landslaginu og norðan megin gegnur það áfram þar til það hverfur undir gróður. Í örnefnaskrá er talað um að garðlagið hafi á norður hlið verið úr torfi og girðingastaurar stóðu úr því, þar til garðurinn var sléttaður og girðingu komið fyrir í staðinn.[33] Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.5m.

[33] Guðvarður Jónsson, 1996



Mynd 37. Horft suður yfir grjóthrúgu 3121-022.

**Númer: 3121-022**

**Hlutverk:** Túnahreinsun

**Tegund:** Steinalögn

**Hnit ISN93:** A: 349112.2 N: 603843.2

**Lengd:** 6.5m

**Breidd:** 3.7m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Við vestur enda túngarðs 3121-021.

**Minjalýsing:** Grjóthrúga eftir túnahreinsun. Liggur við vestur enda túngarðs 3121-021. Hrúgan er um 6.5x4m og um 0.4m há.



Mynd 38. Horft vestur eftir túngarði 3121-023.

**Númer: 3121-023**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hnit ISN93:** A: 349116.8 N: 603838.2

**Lengd:** 70m

**Breidd:** 1m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Sunnan við vestur enda túngarðs 3121-021.

**Minjalýsing:** Leifar af eldri túngarði sem liggur utan við túngarð 3121-021. Garðlagið er grjóthlaðið með malarkjarna. Hverfur alveg undir gras á köflum og hefur verið rutt í burt þar sem vegurinn að Rauðamýri liggur. Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og veggjabreidd að jafnaði um 1m.

**Númer: 3121-024**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 348288.4 N: 605128.6

**Lengd:** 1.3m

**Breidd:** 0.8m

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á klett um 80m vestan við brúna yfir Þverá.

**Minjalýsing:** Varða um 1.4m há, mjókkar lítillega efst. Aðeins hefur hrunið úr henni, smá af grjóti úr henni liggur í kring.



*Mynd 39. Horft suður yfir vörðu 3121-024.*

**Númer: 3121-025**

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 348645.0 N: 605550.9

**Lengd:** 17.9m

**Breidd:** 7.2m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á grasivöxnu svæði í hlíð Nauteyrarfjalls, um 560m austan við veg og um 260m norðan við Þveránna.

**Minjalýsing:** Aðaltóft sels í fjallshlíð Nauteyrar-fjalls. Að minnsta kosti fjögur hólf með aðalinngang í



*Mynd 40. Horft í austur yfir sel 3121-025.*




*Mynd 41. Uppmæling af seli 3121-025.*

suður. Tóftin er úr torfi og grjóti en ytri veggir eru mun illgreinanlegri vegna hruns, að innanverðu eru veggir vel greinanlegir. Veggjahæð er 0 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði 1.5m.

**Númer: 3121-026**

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 348652.6 N: 605541.0

**Lengd:** 7m

**Breidd:** 4.5m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 5m SA við selja tóft 3121-025.

**Minjalýsing**: Tóft sem tilheyrir seli. Smá niðurgrafin og veggir illgreinanlegir. Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd þar sem hún er greinanleg er um 1m. Inngangur virðist vera á norður vegg.



*Mynd 42. Horft í vestur yfir 3121-026.*




*Mynd 43. Uppmæling af tóft 3121-026.*



*Mynd 44. Horft NV yfir þúst 3121-027.*

**Númer: 3121-027**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 348644.8 N: 605540.8

**Lengd:** 6m

**Breidd:** 4.6m

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 4m sunnan við selja tóft 3121-025.

**Minjalýsing:** Grasivaxinn ójafn hóll beint fyrir framan seljatóft 3121-025. Mögulega mótar fyrir einhverjum veggjum en þeir eru þá ekki greinilegir. Hóllnn er um 0.2m hár þar sem hann er hæstur.

**Númer: 3121-028**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hnit ISN93:** A: 348904.8 N: 604604.4

**Lengd:** 55.8m

**Breidd:** 35m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í votlendi undir klettabelti um 300m austan við Snæfjallastrandarveginn.

**Minjalýsing:** Fjórar mógrafir, allar mis stórar. Stærsta mógröfin er um 45 x 30m. Vatn í mörgum þeirra.



*Mynd 45. Horft suður yfir hluta af mógröfum 3121-028.*




*Mynd 46. Uppmæling af mógröfum 3121-028.*

**Númer: 3121-029**

**Hlutverk:** Vegur

**Tegund:** Gata

**Hnit ISN93:** A: 348781.6 N: 604264.4

**Lengd:** 486m

**Breidd:**

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Tveir kaflar af gamla veginum liggja við hlið Snæfjallastrandarvegar.

**Minjalýsing:** Í örnefnaskrá sem höfð var eftir Hirti Kristmundssyni var sagt frá því að Halldór Jónsson, sem kom að Rauðamýri 1880 hafi gert veg um svæðið sem hafi verið notaður þar til Snæfjallastrandavegurinn var lagður.



*Mynd 47. Horft NV eftir vegi 3121-029.*

**Númer: 3121-030**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 349868.9 N: 603550.5

**Lengd:** 1.1m

**Breidd:** 0.9m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á klett í norðanverðu mynni Hvannadals. Um 180m norðan við gám sem stendur við slóða sem liggur inn norðan verðan dalinn.

**Minjalýsing:** Varða, um 1.5m há, hringlótt og nokkuð jöfn upp. Varðan er mjög heilleg.



*Mynd 48. Horft austur yfir vörðu 3121-030.*

**Númer: 3121-031**


*Mynd 49. Horft SA yfir brú 3121-031.*

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Steinsteypa

**Hnit ISN93:** A: 349936.9 N: 603332.63

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Brúin hefur þverað Hvannadalsá og er um 155m NA við bæjarrústir Tungu 3121-053.

**Minjalýsing:** Steinsteyptir stöplar af brú, farið að kvarnast og brotna úr þeim og járnkaplar liggja beggjavegna við hana.

**Númer: 3121-032**


*Mynd 50. Horft NA yfir vörðu 3121-032.*

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 350104.6 N: 603416.2

**Lengd:** 1.3m

**Breidd:** 1.1m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í norðanverðum Hvannadal, um 30m norðan við slóða sem liggur inn dalinn og um 190m ANA við brú 3121-031.

**Minjalýsing:** Varða, um 0.3m há. Töluvert er hrunið úr henni en hún hefur varla verið mikið hærri. Norður hlið vörðunar er verr farin.

**Númer: 3121-033**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 350260.3 N: 603335.0

**Lengd:** 1.7m

**Breidd:** 1.1m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á smá klett fast norðan við slóða sem liggur inn norðanverðan Hvannadal. Um 180m SA við vörðu 3121-032.

**Minjalýsing:** Varða, bara botninn eftir. Varðan er varla 0.1m há, liggur grjót úr henni í kringum hana undir mosa.



*Mynd 51. Horft suður yfir vörðu 3121-033.*

**Númer: 3121-034**

**Sérheiti:** Rjóðrarsel

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 350255.9 N: 603409.2

**Lengd:** 13.5m

**Breidd:** 5m

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

